



Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans í Reykjavík
2020–2021

Gæðastjóri
Hilmar Guðlaugsson

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2.	Sjálfsmat	6
2.1	Síðastliðin ár	6
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2020–2021	6
2.2.1	Samantekt jólaprófa	6
2.2.2	Kennslukannanir	7
2.2.3	Fundir með nemendum.....	12
2.2.4	Skólanámskrá.....	12
2.2.6	Umbótaáætlun.....	12
2.2.7	Ytra Mat.....	13
2.3	Annað.....	14
3.	Lokaorð	15

1. Inngangur

Sjálfsmat er fyrirbæri sem ber að fagna því að það gefur skólum tækifæri til að bæta sig. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtímaávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Ennfremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra sem hlut eiga að máli.

Sjálfsmatsskýrslur MR fyrir síðastliðin þrettán ár má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsögðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík starfar gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, kennslustjóra og fjármálastjóra. Kennslustjóri og gæðastjóri skipuleggja og stýra sjálfsmati skólans.

1.1 STEFNUSKRÁ, MARKMIÐ OG LEIÐIR

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið hans að nemendur séu að loknu stúdentsprófi vel undir það búnir að takast á við háskólanám, hvort heldur sem er innan lands eða utan.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að búa nemendur sína vel undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi, sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti og samfélagsskipan ásamt fjármálaskyldum, einstaklingskyldum og réttindum.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbrigt lífni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmýnd en því miður hefur skólinn ekki tök á því að bjóða nemendum upp á hollan og næringarríkan mat í hádeginu þar sem ekkert mótuneyti er fyrir hendi. Af veikum mætti er þó reynt að bjóða upp á takmarkað framboð af hollum mat.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við Mennta- og menningar- málaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut. Í samræmi við þann samning hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og hefur tekið virkan þátt í því verkefni að vinna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð. Þessi viðleitni hefur tekist afar vel og telst brottfall nemenda skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum. Síðastliðið ár kemur afar vel út í þeim efnum:

Tafla 1: Fjöldi nemenda

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hættu í MR eða féllu á árinu	%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25%
2014	903	877	42	4,79%	68	7,53%
2015	871	851	46	5,41%	66	7,58%
2016	851	836	50	5,98%	65	7,65%
2017	855	834	34	3,72%	55	6,43%
2018	829	768	59	7,6%	37	4,46%
2019	655	641	8	1,3%	28	4,3%
2020-2021	668	651	28	4,3%	47	7,2%
2021-2022	683					

Í upphafi skólaárs 2020-21 voru innritaðir nemendur 669, val nemenda á námsbrautum er áhugavert út frá kynjaskiptingu: á málbraut er meirihluti nemenda stúlkur, á eðlisfræðibraut hefur þessi kynjaskipting snúist við. Meirihluti nemenda á eðlisfræðibraut eru piltar. Á náttúrufræðibraut er meirihlutinn stúlkur sem endurspeglar hlutfall kynjanna í skólanum.

Nemendafjöldi á haustmisseri eftir kynjum og brautum/deildum												
	6.bekkur				5.bekkur				4.bekkur		Alls	%
	Forn	Ným	Eðl	Nát	Forn	Ným	Eðl	Nát	Mál	Nát		
Piltar	6	10	34	38	5	3	38	47	14	93	288	43%
Stúlkur	4	11	17	72	7	8	15	103	37	107	381	57%
Kynsegin/ Annað	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0%
Alls											669	100%

viðmiðunardagsetning er 21.09.2021



Starfsmenn skólans á haustmisseri 2021 skiptast þannig:

Starfsheiti	Karlur		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Rektor			1	100%
Konrektor	1	100%		
Kennslustjóri			1	90%
Fjármálastjóri			1	100%
Verkefnastjóri			1	75%
Framhaldsskólakennarar	19		32	24x100%
Stundakennarar	4		2	
Leiðbeinendur	4		3	6x70%
Náms- og starfsráðgjafar			2	170%
Hjúkrunarfræðingur			1	70%
Bókavörður			1	100%
Skólafulltrúar			2	100%+70%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%		
Matráður	1	100%		
Ræstitæknar			5	500%
	30		51	

Kynjaskipting starfsmanna er konum í vil og hefur svo verið allengi. Ef skoðuð er kynjaskipting kennara þá er hún 30 karlkyns (45%) á móti 36 kvenkyns (55%). Reynt hefur verið að horfa til kyns við mannaráðningar til að a.m.k. að viðhalda þeirri stöðu sem nú er. Menntunarstig kennara er hátt en sex þeirra eru með doktorspróf og mikill meirihluti þeirra er með meistaraþróf. 99% kennara eru með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Stundakennarar eru fáir þetta skólaár, flestir með kennsluréttindi eða eru að ljúka þeim á haustmisseri.

2. Sjálfsmat

2.1 SÍÐASTLIÐIN ÁR


Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþróa og rafræn könnun, sem nær ekki aðeins til kennslu, kennsluhátta og námsefnis, heldur einnig annarra þátta í starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára. Skólaárið 2020-21 var um margt sérstakt sökum Covid 19 og sneri könnunin því að líðan, þörfum meðal nemenda og kennara.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli og starfshópar völdu hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að litið sé til veikra jafnt sem sterkra hliða í niðurstöðu könnunarinnar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 SJÁLFSMAT MENNTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2020–2021

2.2.1 SAMANTEKT JÓLAPRÓFA

Niðurstöður jólaþróa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í janúar. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá einkunnadreifingu á jólaþrófum 2020.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekki í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþróa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaþróaárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim sem ekki hefur gengið sem skyldi veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut.

Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf, ræða árangur einstakra nemenda og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðkerfis fyrir nemendur með lestrarörðugleika, kvíðaröskun.

2.2.2 KANNANIR

Á vormisseri 2021 voru gerðar þrjár kennslukannanir meðal nemenda skólans. Síðastliðin ár hefur könnunin verið gerð rafrænt og var sami háttur hafður á að þessu sinni. Fyrsti hlutinn sýnir svör nemenda við könnun sem snéri að mestu að því að kanna upplifun nemenda á fjarkennslu.


Almenn könnun I. hluti

Niðurstöður

Krossar

Hvernig líkaði þér skólastarfið í fjarkennslunni?


	Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara
1.	202021	Almenn könnun	18.04.2021	427




Krossar

Hvernig náðir þú að tileinka þér námsefnið á meðan skólinn í fjarkennslunni?

	Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara
1.	202021	Almenn könnun	18.04.2021	427





Eftirfarandi töflur sýna svör nemenda við spurningum könnunarinnar. Fjöldi þátttakenda í 1. hluta könnunarinnar var 427, eða um 63% svarhlutfall. Reynsla nemenda af fjarkennslunni virðist ef miðað er við þetta fjölbreytt og reyndist þetta tímabil nemendum misauðveldlegt að fást við. Athugasemdir við þessa könnun einnig mjög fjölbreytt, t.d. skrifar einn nemandi: „Sumir kennarar brugðust mjög illa við og bættu endalausum verkefnum á okkur, m.a. eitt verkefni á dag, sem er ekki sama álag og er í staðnámi.“ Þessi skrif endurspeglar umkvörtun sem ýmsir nemendur viðhöfðu, þ.e.a.s að kennarar væru ekki að áttu sig á álaginu á þeim. Og annar nemi skrifar: „Þeir kennarar sem aðlöguðu sig að fjarnáminu og létu ekki alla verkefnavinnu tilheyrja utanskólatíma hentuðu mér best. Mjög illa skipulögð álagsdreifing í fjarnáminu sem er þó vandi hjá þessari stofnun í staðnámi.“ Álagsdreifing er því eitthvað sem kennarar þurfa að hafa í huga ef aftur kemur til fjarnáms, en þó einnig eitthvað sem skólinn og kennarar þurfa almennt að huga að.

Athugasemdirnar voru þó ekki allar neikvæðar, einn nemandi ritaði t.d. þetta: „Námsefni kennt vel í tíma og einnig vel skipulagt á netinu ef maður missir af tíma.“ Þannig að það er vert að hafa í huga að ýmislegt kann að hafa verið vel gert, ásamt því að hægt er að bæta verkferla í öðru. Að lokum er gott að hafa hugfast að kennsluaðferðirnar eru margvíslegar og henta nemendum misvel og einn nemandi kemst ágætlega að orði: „Misjafnar aðferðir henta fyrir mismunandi fög. Bestu aðferðirnar fannst mér þegar kennararnir voru með fyrirlestra, en það hentar aðeins í ákveðnum námsgreinum. Einnig var gott að hafa dæmatíma í t.d. stærðfræði, efnafræði og lífrænni efnafræði.“


Varhugavert er að draga of miklar ályktanir út frá þessari könnun, samt sem áður veitir hún einhverja innsýn í upplifun nemenda á fjarkennslunni.

Kennslukönnun: hluti

Krossar

Hvernig myndir þú lýsa kennsluáðferðum kennarans?


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Kennslukönnun 2021	18.04.2021	4070



Krossar

Hvað myndir þú segja að einkenni viðhorf kennarans í garð nemenda?


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Kennslukönnun 2021	18.04.2021	4066



Krossar

Hvað myndir þú gefa kennaranum þínum í einkunn? (10 er mjög gott, 1 jafngildir lélegt.)


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Kennslukönnun 2021	18.04.2021	4077



Krossar

Hvernig myndir lýsa námsefninu?


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Kennslukönnun 2021	18.04.2021	4068



Krossar

Hvernig upplifir þú undirbúning kennarans fyrir kennslustundir?


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Kennslukönnun 2021	18.04.2021	4062




Krossar

Hvernig myndi þú lýsa upplifun þinni af faginu?

Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Kennslukönnun 2021	18.04.2021	4072





Þessi könnun er könnunin sem snýr að einstaka kennara. Nemendur meta kennarana sína, ásamt því að veita ritaða endurgjöf. Kannanirnar stuðla að nauðsynlegu aðhaldi og veita stjórnendum innsýn í starfsemina í kennslurýminu, þ.e.a.s. ekki einungis kennslu heldur einnig almenn samskipti nemenda við kennarann.

Kennslukönnunin er höfð að leiðarljósi í starfsmannasamtölum, þar sem rektor og kennarar fara yfir hvað vel er gert og hvað má betur fara.

Það er ýmislegt sem er jákvætt í kennslukönnuninni t.d. virðist ánægja meðal nemenda með kennsluaðferðirnar sem eru notaðar. Einnig er vert að nefna að almennt séð eru nemendur ánægðir með viðhorf kennara í þeirra garð, aukinheldur er það upplifun margra að undirbúningur kennara sé góður.


Það verður að teljast harla gott að nemendur séu svona jákvæðir í garð kennara í lok vetrar þar sem ýmislegt gekk á, sökum covid, og kennarar voru oft á tíðum að bregðast við og breyta hlutunum með skömmum fyrirvara.

Viðhorfskönnun:

Krossar

Hvað sefur þú marga tíma að meðaltali á næturnar?


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Viðhorfskönnun nemenda	26.03.2021	443



Krossar

Finnst þér námsumhverfið í skólanum ýta undir streitu?


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Viðhorfskönnun nemenda	26.03.2021	443



Krossar

Neytir þú orkudrykkja daglega?


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Viðhorfskönnun nemenda	26.03.2021	443



Krossar

Hvenær myndir þú vilja að skólinn byrjaði?


Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Viðhorfskönnun nemenda	26.03.2021	443



Krossar

Hvernig hefur Covid-19 haft áhrif á upplifun þína í skólanum?

Önn	Nafn	Dags.lokið	Fjöldi svara	
1.	202021	Viðhorfskönnun nemenda	26.03.2021	443



Í viðhorfskönnunin var leitast við að kanna aðra þætti en hin hefðbundna kennslukönnun og almenna könnunin. Það mætti halda því fram að síðasta vetur hafi viðhorfskönnunin í raun þjónað því hlutverki að gefa stjórnendum innsýn inn í líf, ekki einungis í skólanum heldur einnig þætti sem gætu haft áhrif á námið. Í venjulegu árferði næðu stjórnendur að taka púlsinn af nemendum á þar til gerðum fundum, því var ekki fyrir að fara síðasta vetur sökum covid.

Þarna eru nokkrir þættir kannaðir, sumir t.d. orkudrykkjaneysla nemenda voru kannaðir í ljósi umræðunnar í samfélaginu. Miðað við svör nemenda þá virðist orkudrykkjaneysla ekki vera

mikið vandamál meðal nemenda skólans. Einnig virðast margir nemendur ná sjö tíma svefni á næturnar, sem verður að teljast ásættanlegt þó vissulega megi alltaf bæta það.

Það sem verður að teljast áhyggjuefni er hversu margir nemendur telja að skólinn ýti undir streitu. Hugsanlega er hægt að bregðast við með hlutum á borð við að setja stífar reglur um hversu mörg skilaverkefni og próf nemendur eiga að standa skil á í hverri viku. Einnig mætti leggja meiri áherslu á það við kennara að vera sveiganlegri á skilum og reyna að nálgast nemendur á einstaklingsmiðaðri hátt.

En þó gæti vandinn verið djúpstæðari eða vart til staðar, það er erfitt að leggja mat á slíkt út frá einni spurningu. Vellíðan nemenda á heildstæðan hátt er hlutur sem þyrfti að skoða betur og munu kannanir vetrarins taka mið af því.

2.2.3 FUNDIR MEÐ NEMENDUM

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að haldnir séu opnir fundir með nemendum og stjórnendum. Sökum Covid var ekki hægt að funda með nemendum. Þess í stað voru tvær kannanir, fyrir utan kennslukönnunina, sem áttu að einhverju leyti að þjóna þeim tilgangi að fá endurgjöf frá nemendum um almenn málefni er tengjast skólanum sem hefðu á hefbundnu skólaári komist upp. Rýnt er frekar í viðbrögð nemenda í kannanahluta þessarar skýrslu.

2.2.4 SKÓLANÁMSKRÁ

Ný skólanámskrá tók gildi við skólann haustið 2016 og er nú framhaldsskólamenntun þrjú ár í stað fjögurra. Námsbrautalýsing fyrir nýtt námskerfi hefur hlotið staðfestingu frá ráðuneytinu og er nú unnið samkvæmt henni.

2.2.5 UMBÓTAÁÆTLUN

1. Aukin stöðlun innan faga. Leitast verður eftir því að nemendur geti gengið að ákveðnum gæðum í öllum námsgreinum og þá ætti viðkomandi kennari ekki að skipta öllu máli. Vissulega verður alltaf blæbirgðamunur milli kennara, enda eru kennarar mennskir. Hinsvegar verða nemendur að geta gengið að því vísu að þeir sem kenna sama ár og fag fylgi sömu kennsluáætlun og sömu námsgögnum. Því munu fagstjórar fá eyðublað í lok hvers skólaárs þar sem þeir gera upp skólaárið á faglegan hátt.

2. Skoðað verður að setja hámark á fjölda prófa og skilaverkefna í hverri viku. Einnig verður greint hvað telst skilvirkur prófafjöldi í kennslufræðilegu tilliti á misseri í kjarnafögum og öðrum námsgreinum.

3. Sjálfsmatsáætlun 2021-2022

Sjá aukaskjal.

2.2.6 YTRA MAT

Ytra mat var framkvæmt á vormisseri 2021 af Margréti Friðriksdóttur og Unnari Erni Þorsteinssyni fyrir mennta-og menningarmálaráðuneytið. Matið er yfirgripsmikil úttek á skólanum sem fer yfir marga þætti í starfsemi skólans. Úttektaraðilar tóku viðtöl við nemendur og kennara í rýnihópum, fulltrúa foreldra og skólanefndar, ásamt því að ræða við stjórnendur. Heilt yfir kemur skólinn vel út í þeim þáttum sem úttektaraðilarnir skoðuðu. Þó er sett út á húsnæði skólans og stendur m.a. í skýrslunni: „Kennsluhúsnæði MR er þröngt og skortur á rými þegar tekið er á móti gestum.“ Þessi aðfinnsla á húsnæðiskosti skólans kemur starfsfólki ekki á óvart, enda hefur lengi staðið til að bæta úr þessu. Í skýrslunni er einnig komið inn á hvernig þrengslin hafa áhrif á nemendur og þar stendur: „Vegna plássleysis nota nemendur kennslustofur sínar til að læra, lesa og nærast.“ Af þessu má draga þá ályktun að brýnt sé að skólinn hafi yfir að ráða betra varanlegu húsnæði.

Sumarið 2021 var eitt húsnæði skólans úrskurðað óhæft til kennslu. Unnið er að því að fá leiguhúsnæði til lengri tíma og var auglýst eftir slíku í byrjun haustmisseris sem þá stendur til að taka til notkunar á vormisseri. Á meðan eru enn mikið þrengsli í skólanum.

Jafnframt standa vonir til að hafist verði handa við nýbyggingu á næstu árum.

2.3 ANNAD

1. Starfsmannahandbók

Starfsmannahandbók MR var yfirfarin og birt á netinu óbreytt þetta ár.



3. Lokaorð

Lögum samkvæmt ber framhaldsskólum að skipuleggja árlegar rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík. Reynt er að rannsaka sem flesta þætti skólastarfsins með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi MR verði sem heilladrýgstur fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans.

Veturinn 2020-2021 litaðist af covid líkt og veturinn á undan. Haustið byrjaði með nálægðar takmörkunum og grímuskyldu, ásamt því að einungis helmingur nemenda var í staðnámi hverju sinni. En í október færðist kennsla yfir í fjarkennslu. Jólaprófin 2020 fóru fram í gegnum netið. Í janúar 2021 færðist kennslan aftur í staðkennslu, þar sem nemendur og kennarar þurftu að bera grímur. Vorprófin 2021 fóru fram í byggingum skólans og var gætt að öllum sóttvörnum. Veturinn var mikil áskorun og reyndi mikið á allt starfsfólk t.d. húsvörðinn, sem þurfti að mæla fjarlægðina milli borða í kennslustofum, þetta er líklega eitthvað sem hann reiknaði ekki með að þurfa að gera fyrir faraldurinn. Þetta er bara eitt dæmi, en það væri hægt að tiltaka mörg dæmi þar sem starfsfólk hefur unnið á fórnfúsan hátt til að faraldurinn bitni sem minnst á nemendum og starfsemi skólans.

Kannanir vetrarins bera það með sér að nemendur kunnu betur við sig í staðnámi frekar en fjarnámi. Þó að kannanirnar kunni að endurspeglar eitthvað sem kennarar og stjórnendur töldu sig vita, eru kannanirnar mikilvæg gögn sem gefa til kynna hver afstaða nemenda er í þessum málum.

Sjálfsmatið er mikilvægt fyrir alla skóla, en ekki síst Menntaskólanum í Reykjavík sem byggir á gömlu grunni en er þó í stöðugri þróun og kappkostað er að bæta skólann. Síðasti vetur sýndi að starfsfólk skólans er tilbúið að leggja ýmislegt á sig til að koma til móts við nemendur. Skólinn býr yfir miklum mannauði í nemendum og starfsmönnum, það er okkar að búa til ramma þar sem allir fá að dafna. Sjálfsmat og sjálfsmatsáætlanir skapa vettvang til gera það sem nú þegar er gott, enn betra.